

Pétur Björgvin Þorsteinsson:

Kompás á Íslandi

Í áætlun Evrópuráðsins um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk er mannréttindafræðsla skilgreind sem nám og verkefni sem miða að því að skapa jafna virðingu fyrir öllum mönnum og stuðlar að fræðslu um mismunandi menningu. Slíkri fræðslu er líka ætlað að efla almenna lýðræðislega þátttöku og þá sér í lagi minnihlutahópa. Með tilkomu fræðsluefnisins Kompás skapast nýr möguleiki fyrir skóla og félagasamtök á Íslandi til þess að sinna mannréttindafræðslu. Með þessari bók er ætlunin að hvetja til athafna sem efla samstöðu bæði vegna þess að slíkt er mikilvægur liður í að efla færni og hæfni í tengslum við mannréttindafræðslu og er í sjálfu sér kjörin leið til að skapa mannréttindamenningu.

Með fræðslu um mannréttindi eykst umræða og skilningur tengdur þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland á aðild að, eins og Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Fræðslan leiðir einnig af sér sýn á mannréttindi sem skapa ramma fyrir umræður og ákvarðanir um hegðunarreglur í fjölskyldum, skólum, í samfélaginu og um allan heim.

Mikilvægi mannréttindafræðslu á meðal ungs fólks þarf ekki að tíunda. Þjóðfélög samtímans, ekki síst unga fólkið, standa æ oftast frammi fyrir félagslegri einangrun vegna trúarbragða eða þjóðernis og (ó)kostum aukinnar hnattvæðingar.

Frjáls félagasamtök eru í lykilaðstöðu til þess að hreyfa við mannréttindamálum og koma þeim skilaboðum sem felast í mannréttindafræðslu á framfæri. Við hlið formlegs náms skólakerfisins gefst oftast en ekki kostur á óformlegu námi sem bætir hæfni og færni einstaklingana innan þess ramma sem félagasamtök starfa í.

Vert er að benda á að Æskulýðs- og Íþróttadeild Evrópuráðsins hefur, einkum fyrir tilstilli æskulýðsmiðstöðva Evrópu og æskulýðssjóðs Evrópu, beitt sér mjög fyrir þvermenningarlegri menntun. Herferðinni „All Different All Equal“ gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og umburðarleysi var hrint í framkvæmd til að ráðast gegn vaxandi óvild og umburðarleysi í garð minnihlutahópa. Með herferðinni sjálfri var reynt að „þjappa fólki saman og vekja sérstaka athygli á baráttunni gegn umburðarleysi í öllum sínum myndum.“ Þeir sem tóku þátt í slíkum verkefnum þekkja að hér tókst vel til og að verkefnið skilaði sínu. Víða í Evrópu hefur verið góð reynsla af Kompás sem nú hefur komið út á yfir 27 tungumálum. Kynning á Kompás og því hvað Kompás stendur fyrir getur á sama hátt virkað hvetjandi hér heima á Íslandi. Mikilvægt er að frá upphafi sé reynt að ná til sem flestra lykilaðila innan og utan hins hefðbundna skólakerfis. Hér á eftir fylgja nokkrar tillögur hvað það varðar, sem innlegg í þá umræðu og ákvarðanatöku.

Kompás – Hugmyndir að námskeiðum

1. **Upphafsnámskeið / „multiplier“námskeið.** Stefnt verð að tveggja daga námskeiði í janúar sem verði undanfari allra annarra námskeiða. Þjálfari á því námskeiði sé reyndur þjálfari sem komi hingað fyrir tilstilli / meðmæli Evrópuráðsins. Aldís Yngvadóttir og Pétur Björgvin Þorsteinsson vinni við hlið þessa þjálfara. Þetta námskeið sé ætlað handvöldu fólki (7 til 10 manns) sem eru líkleg til að hrífa annað fólk með sér út um allt land, bæði úr skólakerfinu og frá aðilum sem starfa að mannréttindafræðslu utan hins hefðbundna skólakerfis. Auk þess sé horft til þess að samtök sem vinna sérstaklega að mannréttindamálum eða eru í forsvari fyrir minnihlutahópa (t.d. Amnesty International á Íslandi, Samtökin 78, Breytendur, Mannréttindahópur ÆSKP, Mannréttindaskrifstofan, ...) hafi tök á því að senda einstaklinga á þetta námskeið.
2. **Námskeið á höfuðborgarsvæðinu.**
 - a. Horft verði til þess að halda nokkur námskeið í Reykjavík í samstarfi við stærri ungmennahreyfingar (eina í senn) eins og LÆF, KFUM og KFUK, UMFÍ, BÍS, ÆSKR, ÍSÍ ... Hér sé um námskeið að ræða þar sem horft er á starf viðkomandi hreyfinga og notkun á Kompás í því samhengi sem viðkomandi hreyfing starfar í. Áætlaður tími á hvert námskeið 3 klst. Markhópur: Lykilfólk úr röðum viðkomandi hreyfinga. Hluti námskeiðsins fari í að leita svara við þeirri spurningu hver næstu skref geti verið innan þessara félagasamtaka í notkun Kompás.
 - b. Samhliða kynningum og námskeiðum fyrir kennara verði efnið kynnt og námskeið haldin fyrir starfsfólk í tómskundastarfi á vegum sveitafélaganna og annarra sem sinna reglubundnu tómskundastarfi með ungu fólki í Reykjavík (ein eða tvær kynningar, eitt dagsnámskeið)
3. **Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk utan hins hefðbundna skólakerfis.** Stefnt verði að fimm námskeiðum á landsbyggðinni (Selfoss, Höfn, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður) sem er ætlað jafnt fólki sem vinnur í skólum og í tómskundastarfi ungs fólks (sér í lagi félagsmiðstöðvum á vegum sveitafélaga). Þessi námskeið yrðu þríþætt, þar sem fyrst yrði almennur inngangur að Kompás, þá fræðsla um hvernig megi nota handbókina í skólastarfi og að síðustu fræðsla um hvernig nota megi handbókina í félagsstarfi.
4. **Samstarf við landsskrifstofu Evrópu unga fólksins.** Stefnt verði að þremur námskeiðum (eitt í Reykjavík, tvö úti á landi) þar sem markhópurinn er sérstaklega æskulýðspjálfarar og hópstjórar sem hyggja á / eru að skipuleggja ungmennaskipti eða önnur verkefni innan ramma Evrópu unga fólksins. Námskeiðin yrðu tvíþætt, annars vegar snéri námskeiðið að aðferðafræði óformlegs náms og þeim möguleikum sem felast í notkun á Kompás, hins vegar með öðrum þáttum sem snúa að ungmennaskiptaverkefnum. Hugmyndin hefur þegar verið rædd við Önnu Möller, forstöðukonu skrifstofunnar.
5. **„Wake up“.** Ungu fólki sem hefur sótt einhver framangreindra ráðstefna verði boðið á hugflæðihelgi þar sem þau rými til að tjá sig um framhaldið, hvaða tækifæri þau sjái og ef þau hafi áhuga verði þau studd í að sækja um fjármagn til frekari verkefna í evrópska sem og innlenda sjóði.